

06.12.2024

# Minnisblað

## um uppbyggingu á Króksfjarðarnesi og í Geiradal í Reykhólahreppi

Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur nú hafið vinnu við uppbyggingu atvinnustarfsemi, íbúðarbyggðar og þjónustukjarna á Króksfjarðarnesi og í Geiradal og hefur hafið ferli breytinga á aðalskipulagi í samráði við skipulagsráðgjafa og landeigendur á svæðinu þar sem uppbygging er áformuð. Við uppbyggingu og atvinnuþróun er horft til sjálfbærrar nýtinga auðlinda og þeim tækifærum sem liggja í staðsetningu svæðisins og innviðum.<sup>1</sup>

### Forsendur

Helstu forsendur uppbyggingaráforma sveitarstjórnar eru miðlæg staðsetning svæðisins sem er í alfaraleið til Vestfjarða þar sem brýn þörf mun verða fyrir þjónustu ferðamanna og flutningsaðila til og frá Vestfjörðum. Á svæðinu eru einnig fjölbreytt tækifæri til atvinnuþróunar vegna afhendingaröryggis raforku og mikils magns af nýtanlegum jarðhita sem þar er að finna. Auk samgöngukosta og auðlinda er svæðið einnig hentugt til skipulags og uppbyggingar þar sem stór hluti þess hefur ekki verið lagt undir ræktun og þar er nú þegar vísir að byggðakjarna en áætlað skipulagssvæði sem væri tækt til uppbyggingar iðnaðar, ferðaþjónustu og íbúðarbyggðar nemur rúmum 100 hekturum og ýmsir vaxtarmöguleikar fyrir hendi verði þess þörf.

### Staðhættir

Króksfjarðarnes á sér langa sögu byggðar og var skilgreint í aðalskipulagi sem byggðarkjarni allt til ársins 2006. Króksfjarðarnes var á árum áður verslunar- og þjónustustaður þar sem kaupfélag, sláturhús, bankaútibú og póstafréttisla voru starfrækt. Þar var einnig bryggja og síðustu ár var þar starfandi ræktun og vinnsla á krækling (bláskel) sem nú er verið að endurvekja. Svæðið er upphafsstaður Vestfjarða frá Vesturlandi og er skilgreint sem skiptistöð ferðaleiða um Vestfirði í gildandi svæðis- og aðalskipulagi. Frá Króksfjarðarnesi er stórbrotið útsýni umhverfis frá Gilsfirði, Skarðströnd, yfir Breiðafjörð til sérstæðra náttúrumyndana Borgarlands og Vaðalfjalla sem á sér varla hliðstæðu í fjölbreytileika í nálægð sjávar og fjalla. Fjölbreytt náttúru- og fuglalíf einkennir svæðið og þar í nálægð eru varpstaðir hafarna sem sjást þar reglulega.

<sup>1</sup> <https://skipulagsgatt.is/files/19653e17-8aa8-4f72-88af-ca8d1bf9723c>

## Staðsetning

Króksfjarðarnes er fyrsti viðkomustaður á Vestfjörðum frá Vesturlandi þaðan sem langmest umferð kemur til og frá Vestfjörðum og verður á næstu árum eina tryggja heilsársleiðin þangað. Vestfjarðavegur nr. 60 liggur yfir Króksfjarðarnes frá Gilsfirði og yfir til Geiradals þar sem vegamót Vestfjarðavegar (vesturleiðar) og Djúpavegar nr. 61 til Strandabyggðar liggja yfir Þróskulda. Nær allur straumur ferðamanna og flutninga til og frá Vestfjörðum liggja um þetta svæði en enginn áningarstaður né þjónusta fyrir ferðamenn er nú fyrir hendi á svæðinu.

Staðsetning Króksfjarðarnes og Geiradals er miðsvæðis milli þriggja þéttbýliskjarna nærliggjandi sveitarfélaga, Reykhóla (30 km) Hólmavíkur (34 km) og Búðardals (45 km). Uppbygging á Króksfjarðarnesi myndi hæglega getað þjónusta allar þessar byggðir sem hafa nú samanlagt um 1400 íbúa og ýtt verulega undir þróun sveitarfélaganna til eins atvinnusvæðis sem miðlægur þjónustukjarni þeirra allra.

Svæðið liggur auk þess um miðja veginni milli höfuðborgarsvæðisins og bæði Ísafjarðar og Patreksfjarðar í um tveggja tíma fjarlægð til beggja átta þar sem miklir flutningar eru daglega vegna umsvifa laxeldis á Vestfjörðum og stefnir í umstalsverða aukningu á því á næstu árum. Vegna þessa eru áform uppi um að staðsetja skiptistöð landflutninga milli Vestfjarða og höfuðborgarsvæðisins á Króksfjarðarnesi eða Geiradal með bensínafgreiðslu og hraðhleðslustæðum fyrir flutningabíla, rútur og fólksbíla og þar með auka aðgengi umferðar og ferðamennsku til Vestfjarða. Ýtir það undir frekari þörf fyrir aðra innviði þjónustu á svæðinu.

Vegsamgöngur hafa verið bættar á sunnanverðum Vestfjörðum undanfarin ár og stefnt er að verklokum síðustu áfanga við að opna heilsárshringveg um Vestfirði s.k. Vestfjarðaleið á árunum 2025 (þverun Djúpadals og Gufudals) og 2026 (þriðji áfangi Dynjandisheiðar).<sup>23</sup> Við lok þessara samgönguumbóta mun leiðin frá Ísafirði til Reykjavíkur styttest um 60 km frá 455 km eftir ferðaleið um Djúpið og niður í 394 km eftir vesturleið um Reykhólahrepp og yfir Dynjandisheiði og allar líkur á að meginþungi umferðar um Vestfirði færast yfir til þeirrar leiðar í stað umferðar til Hólmavíkur og um Djúpið eins og áður var. Eftir vesturleiðinni er sem stendur engin þjónusta við þjóðveginn yfir árið frá Búðardal þar til komið er til Patreksfjarðar (230 km) eða Ísafjarðar (255 km) ef undanskilið er takmörkuð þjónusta yfir sumartíma í Bjarkarlundi og Flókalundi.

Bættar vegsamgöngur og styttri fjarlægðir skapa auknar forsendur til ferðaþjónustu um Vestfirði sem ýtir undir aukna þörf fyrir gistingu, áningarstaði ferðamanna og þjónustu um svæðið og liggur beinast við að byggja slíka miðstöð upp á Króksfjarðarnesi við upphaf Vestfjarða og hringtengingu heilsársleiðar um Vestfirði. Reykhólahreppur í samstarfi við Vestfjarðastofu og


---

<sup>2</sup>[https://www.althingi.is/altext/155/s/0376.html?utm\\_source=althingi&utm\\_medium=vefur&utm\\_campaign=thingiskjol\\_130](https://www.althingi.is/altext/155/s/0376.html?utm_source=althingi&utm_medium=vefur&utm_campaign=thingiskjol_130)

<sup>3</sup> <https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/starfsemi/frettir/thridji-afangi-vestfjarðarveggar-um-dynjandisheidi-senni-utbod>

landeiganda stefnir að uppbyggingu ferðabjónustumiðstöð Vestfjarðaleiðar á Króksfjarðarnesi með tilheyrandi þjónustu, verslun og afþreyingu til þess að mæta þessari þörf.

Króksfjarðarnes er í rúmlega tveggja tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík (196 km) og um klukkutíma fjarlægð frá þjóðvegi eitt (88 km). Vegsamgöngur þangað eru opnar allt árið um kring og takmarkaðar fjarlægðir frá höfuðborgarsvæðinu og þjóðvegi eitt skapa forsendur til uppbyggingar heilsársferðabjónustu þar. Umferð um svæðið miðað við tölur frá 2023 eru um 600 bílar að meðaltali yfir árið og rúmlega 1000 yfir sumartímann.<sup>4</sup> Með aukinni umferð vegna landflutninga og aðsóknar ferðamanna til Vestfjarða vegna bætts aðgengis, vegsamgangna og staðsetningar eru allar líkur á að umferð um svæðið muni aukast verulega á næstu árum og þörf fyrir þjónustuvæði verður brýnni.



**Vestfjarðaleiðin.** Heilsársferðaleið hringinn um Vestfirði og staðsetning Króksfjarðarnes sem upphafs- og endastaður ferðaleiðarinnar. Grunnmynd: *Vestfjarðaleiðin*. <https://www.vestfjardaleidin.is/>

## Auðlindir


Aðgengi og afhendingaröryggi raforku á svæðinu er með því besta sem þekkest á Vestfjörðum. Í Geiradal er tengivirki Vesturlínu við flutningskerfi Landsnets þar sem 132 kV raflína liggur um tengivirkið í Geiradal til Mjólkárviðkjunar. Fyrirhugaðar framkvæmdir Hvalárvirkjunar og annarra virkjunarkosta á ströndum og sunnaverðum Vestfjörðum munu mynda hringtengingu raforkudreifingar um svæðið.<sup>5</sup> Með því yrði afhendingaröryggi raforku eitt það besta á landinu öllu.

<sup>4</sup> <https://umferd.vegagerdin.is/>

<sup>5</sup> <https://www.landsnet.is/library?itemid=2d378dc1-2c69-4944-b307-c155c5284b5c>

Geiradalur og Króksfjarðarnes liggja á gamalli megineldstöð og þar er að finna mikinn jarðhita í nýtanlegu magni. Á Kletti við Geiradal er borhola sem gefur af sér 15-20 lítra á sekúndu af 70°C heitu vatni sem er lítið sem ekkert nýtt og stendur fjárfestum til boða til nýtingar við uppbyggingu iðnaðar, baðlóna og húshitunar en efnasamsetning vatnsins hentar vel til slíks.<sup>6</sup>

Á Króksfjarðarnesi er hitastigulshola þar sem mælingar gefa til kynna að allt að 80°C heitt vatn megi þar finna og allar forsendur þar til staðar til frekari jarðhitaleitana og borana og er sveitarfélagið þegar í samráði við stjórnvöld, Orkubú Vestfjarða og ÍSOR um áform jarðhitaleitana á svæðinu sem muni auka samkeppnishæfni svæðisins til atvinnuuppbyggingar til muna í samspili við raforkuöryggi, samgöngur og landkosti. Á svæðinu er einnig gott aðgengi að ferksvatni, bæði frá vatnsbólum og lindum og auk þess frá dragám sem renna um Geiradal.



Yfirlitskort aðgengis að jarðhita á Kletti og hitastigulsholu á Króksfjarðarnesi. Tengivirkis Vesturlínu og mögulegar staðsetningar til uppbyggingar hótélrexturs, ferðaþjónstu og afþreyingarsvæða. Grunnmynd: Skipulagsvefsjá. <https://www.map.is/skipulag/>

## Atvinnuþróun

Vegna staðsetningar svæðisins og aðgengi orku og auðlinda eru þar forsendur til fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar sem nýti nærtækar auðlindir á sjálfbæran hátt. Á Reykhólum er starfandi þörungaverksmiðja og mikil þekking safnast þar upp á sviði þara og

<sup>6</sup> Sigurður G. Kristinsson, Magnús Ólafsson og Þórólfur H. Hafstað. (2017). *Klettur í Reykhólasveit. Afköst heitavatnsholu KL-10*. Greinargerð ÍSOR-17028. ÍSOR.

þörunga og botnlífríkis sjávar. Strand- og hafsvæði Króksfjarðarnes og Geiradals og út eftir Breiðafirði henta einstaklega vel til ræktunar á þara, þörungum og skeldýrum, eins og krækling bæði til manneldis og til virðisaukandi afurðapróunar. Allar líkur eru á að ræktun og vinnsla á krækling hefjist að nýju á Króksfjarðarnesi árið 2025 og að sú grein eigi eftir að vaxa með tilheyrandi atvinnusköpun enda er vaxandi eftirspurn eftir krækling á mörkuðum bæði innanlands en einkum erlendis.

Í samstarfi við verkfræðistofu EFLU vann sveitarfélagið að skýrslu um greiningu viðskiptatækifæra við nýtingu jarðhita í sveitarfélaginu í ljósi staðsetningar þess og sjávarauðlinda. Auk ræktunar og vinnslu á skeldýrum, þara og þörungum og fyrrgreindrar ferðapjónustumiðstöðvar voru í skýrslunni lagðar fram ýmsar tillögur til atvinnu-uppbyggingar sem væru hagkvæm fyrir svæði eins og Króksfjarðarnes og Geiradal. Liggur þar beinast við að byggja upp hótél með heilsulind eða baðlóni enda er mikil þörf fyrir fjölgun gistirýma og stærri hótél á Vestfjörðum til að mæta fjölgun ferðamanna. Með stóru hóteli á Króksfjarðarnesi eða í Geiradal væri búið að brúa bil og skort gistirýma í einhverju magni frá hringveginum til Ísafjarðar og Patreksfjarðar og mæta þannig þörfum ferðamanna sem ferðast um Vestfjarðarleiðina og þeim aukna straumi sem búið er við.

Landeldi í Geiradal er annar hagkvæmur kostur og lagðar voru fram tillögur um risarækjueldi sem væri nýsköpunargrein á Íslandi en býður upp á mikla arðsemi og einnig bleikjueldi og seiðaeldi fyrir laxeldisstöðvar á Vestfjörðum sem nú er staðsett á Reykjanesi og Suðurlandi. Nálægð svæðisins við laxeldiskvíar og aðgengi jarðhita eykur verulega samkeppnishæfni þess til seiðaeldis. Ræktun á örþörungum og vinnsla á virðisaukandi afurðum þangs og þara til fæðubótaefnis, algínatframleiðslu til snyrtivöruframleiðslu og annarra nota í ljósi nálægðar ræktunarsvæða og þeirrar staðbundnu þekkingar sem þegar er fyrir hendi koma einnig vel út í hagkvæmismati til fjárfestinga.<sup>7</sup>

Fyrir svæðið hafa einnig verið lagðar fram hugmyndir um lífræna áburðafframleiðslu, fóðurframleiðslu og virðisaukandi vinnslu úr skelfispróteini og skel til kítínvinnslu. Ljóst er að ýmis tækifæri til atvinnuþróunar á svæðinu eru fyrir hendi sem munu leggja grundvöll að þéttbýlismyndun og aðgengi fjölbreyttra starfa á ýmsum sviðum.

Höfundur minnisblaðs dags 06.12 2024:  
Kjartan Þór Ragnarsson  
verkefnastjóri hjá Reykhólahreppi

---

<sup>7</sup> Jón Heiðar Ríkharðsson, Hulda Kristín Helgadóttir og Ófeigur Óskar Stefánsson (2024). *Nýting jarðhita og iðngarður á Reykhólum – Greining viðskiptatækifæra*. Skýrsla 109105-SKY-001-V02. EFLA.